



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Skýrsla stjórnar á aðalfundi 28. maí 2010

Stjórn deildarinnar þetta starfstímabil skipuðu:

Eygló Björnsdóttir formaður
Guðrún H. Björnsdóttir varaformaður
Þorgerður Sigurðardóttir ritari
Sigrún Aðalgeirsdóttir meðstjórnandi
María Steingrímsdóttir fráfaramandi formaður
Með stjórninni starfaði Jóhanna Þorsteinsdóttir gjaldkeri.

Stjórnarfundir hafa verið haldnir reglulega allt starfstímabilið eða jafnmargir og reglulegir fundir deildarinnar í heild sem voru 15 á tímabilinu. Einnig hefur stjórnin haft tölvusamskipti milli funda til afgreiða ýmis mál. Formaður sótti framkvæmdaráðsfundi samtakanna bæði árin og seinna árið fór Þorgerður Sigurðardóttir ritari deildarinnar einnig með á fundinn.

Starf deildarinnar hefur verið öflugt þetta tímabil. Fyrra árið voru haldnir átta hefðbundnir fundir auk leshringsfundar sem haldinn var utan dagskrár. Seinna starfsárið urðu fundirnir sjö en auk þess fóru Betasystur bæði saman á snyrtikynningu og í leikhús en hvoru tveggja var utan hefðbundinnar dagskrár. Fyrra starfsárið var ákveðið að hafa ekkert sérstakt þema heldur halda áfram að styrkja okkur sjálfar og efla samkennd innan hópsins og við aðrar deildir. Seinna starfsárið var ákveðið að starfa eftir einkunnarorðunum „jákvæðni og gleði“ og hefur starfið einkennst af þeim einkunnarorðum þetta starfsár.

Bæði starfsárin hafa Betasystur brugðið undir sig betri fætinum og farið saman í ferðalag. Í fyrra fórum við í Mývatnssveitina 4. október og áttum þar góðan dag með Zetasystrum á Austurlandi. Í vetur hófst svo starfið þann 11. september á ferð sem við fórum í að Laugum í Reykjardal þar sem við fengum kynningu á því skólahaldi sem þar hefur verið í gegnum tíðina. Áttum við þar saman góðan dag sem endaði á sameiginlegum kvöldverði áður en haldið var heim.

Ýmsir gestir hafa heimsótt okkur þessi tvö ár og frætt okkur um margvísleg málefni en einnig höfum við notið fræðslu frá Betasystrum sjálfum. Í fyrra fengum

við til okkar Önnu Árnadóttur skólastjóra leikskólans Króabóls sem sagði okkur frá þróunarverkefni sem skólinn vann að og þau fengu viðurkenningu fyrir og leyfi til að kalla sig heilsuleiksskóla. Séra Sólveig Halla Kristjánsdóttir heimsótti okkur og fjallaði um það hvernig við getum ræktað með okkur jákvæðni og átt jákvæð og gefandi samskipti við umhverfi okkar og iðjuþjálfar sem starfa í grunnskólum hér á Akureyri komu í heimsókn og kynntu fyrir okkur þá fjölbreyttu starfsemi sem iðjuþjálfar hafa með höndum í þeim grunnskólum sem bjóða upp á þjónustu iðjuþjálfara.

Á því starfsári sem nú er að ljúka heimsótti okkur Hafsteinn Jakobsson framkvæmdastjóri Rauða kross-deildarinnar á Akureyri. Hann sagði okkur frá fjölbreyttri starfsemi Rauða krossins og ekki síst Akureyrardeildarinnar sem stofnuð var 1925. Rósa Kristín Júlíusdóttir Betasystir kynnti okkur þá kúnt að lesa myndverk á októberfundinum í haust. Að fyrirlestrinum loknum skiptum við okkur í hópa og æfðum okkur í að lesa myndverk á göngum og kennslustofum MA þar sem fundurinn var haldinn. Einnig fengum við tvo góða gesti „að sunnan“, en þær Ingibjörg Jónasdóttir landssambandsforseti og Ingibjörg Einarsdóttir í Gammadeild. heimsóttu okkur á marsfundinn sem var leshringsfundur. Ingibjörg Einarsdóttir var hér stödd á vegum „Stóru upplestrarkeppninnar“ sem hún stjórnar af mikilli fagmennsku og má segja að það hafi hæft vel tilefninu að mæta svo á bókafund hjá okkur.

Jólafundirnir hafa verið með hefðbundnu sniði en sú hefð hefur skapast að fá til okkar gesti sem kynna fyrir okkur jóla- eða trúarsíði annarra þjóða. Jólagesturinn fyrra starfsárið var Deborah Julia Robinson frá Suður Afríku og las hún frumsamda sögu um minningar sínar frá jólum í Suður Afríku þegar hún var 10 ára gömul. Í ár var gestur okkar Meredith Cricco frá Bandaríkjunum. Hún sagði okkur frá þakkagjörðarhátíðinni sem alltaf er haldin síðasta fimmtudag í nóvember. Það er eins konar fjölskylduhátíð þar sem mikið er borðað. Hún sagði líka frá því hvernig hennar fjölskylda heldur upp á jólin á Íslandi. Að kynningunum loknum snæddum við saman ljúffengar „jólakrásir“ og rifjuðum upp jólalögin inn á milli atriða.

Að vanda voru bókafundirnir á sínum stað í janúar og kynntu Betasystur margar áhugaverðar bækur bæði árin. Leshringsfundir voru einnig haldnir. Fyrra árið voru það bækurnar *Glerkastalinn* eftir Jeannette Walls og *Kona fer til læknis* eftir Ray Kluun sem lesnar voru en seinna árið lásúm við bækurnar **Harmur englanna** eftir Jón Kalmann og **Mæling heimsins** eftir Daniel Kehlmann.

Landssambandsþing samtakanna var haldið í fyrra á Hallormsstað dagana 16-17. maí og var góð mæting af hálfu Betadeildar en alls fóru 13 konur á þingið. Í ár var vorþing og

leiðtoganámskeið haldið í Reykjavík dagana 16. og 17. apríl en að þessu sinni fór engin kona frá Betadeild á þingið. Er það sennilega í fyrsta skipti sem það hefur gerst í sögu deildarinnar.

Lokafundur deildarinnar á síðasta ári var haldinn 5. júní heima hjá Önnu Þóru Baldursdóttur. Á lokafundum hefur sú hefð skapast að gera sér sérstaklega glaðan dag og borða saman hátíðarmáltíð. Konur hafa skipt með sér að koma með veitingar og er vægt til orða tekið að segja að veitingar hafa ævinlega verið hinar glæsilegustu og var engin undantekning á því á þessum fundi.

Þýski landssambandsforsetinn fyrrverandi heimsótti Ísland í byrjun júlímánaðar 2009 og kom m.a. hingað til Akureyrar. Hún hafði samband við Önnu Þóru og Margréti og tóku þær Betasystur sem voru heimavið á þessum tíma á móti henni heima hjá Önnu Þóru og áttu með henni notalega stund.

Auk þeirra viðfangsefna sem hér hafa verið talin upp öfluðum við fjár á hefðbundinn hátt í formi happdrættis þar sem safnað er í eigin sjóð m.a. til styrktar Betasystrum á hin ýmsu þing samtakanna. Einnig höfum við látið litla pyngju ganga á milli kvenna á fundum í þeim tilgangi að safna fé til styrktar stúlkum í Afríku. Að aðalfundi loknum höfum við fært UNICEF sjóðinn.

Bæði starfsárin var mjög góð mæting Beta systra á fundi og hafa þær verið virkar og tilbúnar að vinna að verkefnum samtakanna.

Tvær nýjar félagskonur bættust í hópinn á tímabilinu, þær Björk Sigurðardóttir og María Gunnarsdóttir. Einnig ákváðu tvær félagskonur, þær Magna Guðmundsdóttir og Ragnheiður Kærnested að taka sér frí frá samtökunum að sinni vegna anna á öðrum vettvangi og hafa því sagt sig úr samtökunum. Heildarfjöldi í deildinni er því sá sami og var áður, eða 28 konur.

Betadeild átti fulltrúa í landssambandsstjórn bæði starfsárin; Anna Þóra Baldursdóttir var forseti landssambandsins fyrra starfsárið og Ingibjörg Auðunsdóttir var 2. varaforseti. Á því starfsári sem nú er að líða hefur Ingibjörg Auðunsdóttir starfað sem ritari landsambandsstjórnar og Anna Þóra Baldursdóttir starfar með stjórn sem fráfarandi landssambandsforseti. Einnig hafa Betasystur átt fulltrúa í ýmsum nefndum á vegum samtakanna.

Akureyri, 26. maí 2010.

Fyrir hönd Betadeildar
Eygló Björnsdóttir formaður.

